



Ný hugsun í atvinnu- og menntamálum



Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Hverju þarf að breyta?

Atvinnulífið kallar á að menntakerfið leggi áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, ásamt því að efla verk- og tækninám. Nauðsynlegt er að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Þá skal stefnt að því að innan við 10% af fólki á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar árið 2020.

Hvernig gerum við það?

Vinna þarf ítarlega greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma þar sem tekið er mið af stefnumörkun í atvinnumálum. Slík greining verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um framboð á menntun, bæði í skólakerfinu og í endur- og eftirmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði. Jafnframt þarf að efla náms- og starfsráðgjöf til ungmenna og fullorðinna. Þannig má stuðla að því að atvinnulífið fái hæfara starfsfólk og sköpuð verði góð og arðbær störf.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda að móta heildstæða atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu til að ná framangreindum markmiðum.

Í samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er unnið að því að fækka verulega þeim sem eru á vinnumarkaði án formlegrar framhaldsskólamenntunar en betur má ef duga skal. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um aukin framlög í starfsmenntasjóði til að vinna að framgangi verkefnisins.

Áherslur ASÍ:

- Auka þarf skilning á gildi og mikilvægi verk- og tæknimenntunar á öllum sviðum
- Menntakerfið verði gert sveigjanlegra og fólki á vinnumarkaði gert auðveldara að sækja sér frekari menntun

Verkefni ASÍ:

- Tryggja hagsmuni launafólks við mótun samþættrar atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu
- Beita sér fyrir og leiða aukið samstarf atvinnulífs og skóla
- Vera leiðandi í þróun vinnumarkaðsúræða fyrir atvinnuleitendur og þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði

Fleiri störf í grænu hagkerfi

Sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýting náttúrugæða á sjálfbæran hátt til atvinnuuppbyggingar eru stef sem Alþýðusambandið hefur tileinkað sér. Ísland hefur allt til að bera til að geta orðið grænt samfélag. Auk þekktra kosta má nefna spennandi samspil á nýtingu varma sem afgangsstærðar við raforkuframléiðslu með jarðhita. Þessi varmi mun í framtíðinni leggja grundvöll að viðtækum lífrænum efnaiðnaði hér á landi. Einnig liggur fyrir að hagkvæmt er að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti í miklu magni hér á landi með vistvænni raforku. Ísland getur nýtt samkeppnisforskot sitt í hreinum matvælaiðnaði með sjálfbærni og fullnýtingu á sjávarfangi. Það sama á við um íslenskan landbúnað.

Áherslur ASÍ

- ASÍ vill betri nýtingu umfram orku (glatvarma) sem ekki nýtist í dag
- ASÍ vill líta til fjölbreyttari virkjanakosta en vatnsafls og jarðvarma
- ASÍ vill fullvinnslu sjávarafurða og kjötúrgangs
- ASÍ vill huga að þeim miklu auðlindum sem þjóðin býr að í formi ferskvatns
- Vaxandi skógrækt í landinu getur orðið uppspretta fjölda grænna starfa í framtíðinni

Grænn byggingariðnaður (sjálfbærni húsa), vistvæn ökutæki og grænir orkugjafar

Verkefni ASÍ

- ASÍ beiti sér fyrir vitundarvakningu um græna hagkerfið og bendi á hvernig það geti falið í sér aukin lífsgæði fyrir allan almenning á Íslandi
- ASÍ vill tryggja að græn störf verði samkeppnishæf við það sem best gerist á vinnumarkaði
- ASÍ hvetur til aukinnar fullvinnslu afurða stóriðjunnar hér á landi
- ASÍ mun beita sér fyrir frekari skattaávilnun til að auðvelda fólki kaup á vistvænum ökutækjum